



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1
201 Kópavogur

Kópavogi, 17. júlí 2024
24071764/600.03 JBG

Efni: Tónlistarskemmtun og brekkusöngur í Guðmundarlundi.

Með bréfi dags. 17. júlí 2024 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Arons Vals Gunnlaugssonar, kt. 260506-2690, um tækifærisleyfi til að mega halda brekkusöng og tónlistaratriði föstudaginn 16. ágúst 2024 frá kl. 20:00-01:00, í Guðmundarlundi, að Vatnsendahlíð 203, Kópavogi, skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 30. gr. rgl. nr. 1277/2016. Ábyrgðarmaður er umsækjandi sjálfur, Aron Valur Gunnlaugsson. Öryggisgæslu annast GO öryggi ehf., kt. 590219-0960.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn sem umsagnaraðili að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Staðsetning staðar er á svæði sem er skilgreint sumarbústaðarland skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag og afgreiðslutími er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015.

Virðingarfyllst,

Jón Bragi Gíslason
Aðstoðarmaður lögmanna